

**Nd.**

**773. Nefndarálit**

[168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins, en efni þess er að lækka framlög ríkissjóðs til Landnáms ríkisins um 7.5 millj. kr. á ári í tvö ár.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Skoðun okkar er hins vegar sú, að enda þótt dregið hafi úr nýbýlaframkvæmdum, þá hafi Landnám ríkisins ærin verk að vinna á öðrum sviðum. Við teljum t. d. bæði æskilegt og eðlilegt, að Landnám ríkisins hafi forustu um heykögglaframleiðslu og greiði jafnframt fyrir því, að komið verði upp fóðurforðabúrum, þar sem það þætti henta.

Við litum svo á, að Landnám ríkisins hafi fulla þörf fyrir þá fjármuni alla, sem stofnunin hefur fengið til umráða árlega — og þótt meira hefði verið, og leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Stefán Valgeirsson,  
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.